

Viðurkenning Lífsbrúar 2024 – liðsheild

Píeta samtökin hljóta viðurkenningu Lífsbrúar 2025. Samtökin voru stofnuð árið 2016 af hópi aðstandenda og fagfólks sem skynjaði þörfina fyrir þau, það voru fá úrræði í boði fyrir fólk sem upplifir sálarangist og sjálfsvígshugsanir og aðstandendur þeirra.

Hugmyndafræði samtakanna á rætur að rekja til Írlands og byggir á því að fólk geti leitað hjálpar fagfólks í rólegu og heimilislegu umhverfi. Formleg starfsemi samtakanna hófst í Reykjavík árið 2018 en í dag veita samtökin einnig þjónustu á Akureyri, Húsavík og Ísafirði.

Píeta-samtökin sinna mikilvægu forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja líka við aðstandendur, bæði þeirra sem eiga ástvin sem upplifir vanlíðan en einnig við þau sem misst hafa ástvin í sjálfsvígi.

Hjá Píeta-samtökunum er veitt mikilvægt faglegt meðferðarstarf sem mótað er af samúð og virðingu en áherslan er á lausnir og uppbyggingu.

Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, hópnaðmskeið með DAM-aðferð og opna stuðningshópa. Samtökin leggja áherslu á að biðtíminn sé helst enginn eða mjög stuttur. Fullorðnir, 18 ára og eldri geta leitað til Píeta og hefur þeirra þjónusta frá upphafi verið gjaldfrjálss.

Píeta-samtökin opnuðu og reka fyrsta hjálparsímann á Íslandi sem sérhæfir sig í samtölum við fólk með sjálfsvígshugsanir. Píeta-síminn er opinn allan sólarhringinn.

Samtökin hafa sinnt mikilvægu frumkvöðlastarfi og verið leiðandi í að opna umræðuna um sjálfsvígsforvarnir og sjálfsvíg. Þau hafa sinnt fræðslu í samfélaginu með fyrirlestrum í skólum, hjá félagasamtökum og fyrirtækjum. Þau hafa staðið fyrir vitundarvakningu og viðburðum sem sumir hafa fest sig í sessi hjá mörgum eins og t.d gangan Úr myrkrinu í ljósið. Samtökin standa einnig fyrir vönduðu hlaðvarpi – Píeta kastinu þar sem fjallað er um ýmsar hliðar sjálfsvíga og sjálfsvígsforvarna.

Ásókn í þjónustu Píeta hefur margfaldast ár frá ári en árið 2023 voru tekin 2.751 viðtöl hjá Píeta, þarf af voru 2.508 viðtöl við skjólstæðinga í vanda, 193 viðtöl við aðstandendur og 50 viðtöl við aðstandendur sem hafa misst höfðu í sjálfsvígi. Meðalfjöldi viðtala á mánuði árið 2023 var 230 viðtöl.

Samtökin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og tilveru. Það hefur verið aðdáunarvert að sjá samtökin vaxa og dafna og fylgjast með seiglu og stækkandi „Píeta hjarta“ stjórnar, starfsmanna og sjálfboðaliða. Að sjá frjóar hugmyndir þeirra við að afla fjár til að reka starfsemina, sem er að stærstum hluta rekin með styrkjum frá almenningi.

Það er vel við hæfi að veita Píeta-samtökunum fyrstu verðlaun Lífsbrúar til liðsheimildar, fyrir mikilsvert framlag til sjálfsvígsforvarna á Íslandi, fyrir að auka þekkingu á málefnum og stuðla að bættri heilsu og líðan landsmanna. Það var framkvæmdastjóri Píeta-samtakanna, Ellen Calmon, sem tók við viðurkenningunni.